

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 201/2020 um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr.

1. gr.

Svohljóðandi breytingar eru gerðar á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað 2. tölul. kemur:

Dýralæknir heimaeinangrunar er sjálfstætt starfandi dýralæknir sem sinnir heilbrigðisþjónustu við hjálparhunda og sprengjuleitarhunda í heimaeinangrun og sem innflytjandi hjálparhunds gerir samning við og samþykktur hefur verið af Matvælastofnun.

b. Í stað 9. tölul. kemur:

Heimaeinangrun hunda er aðstaða sem Matvælastofnun samþykkir, að undangenginni umsókn og úttekt, til einangrunar hjálparhunda og sprengjuleitarhunda, og uppfyllir skilyrði 27. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Svohljóðandi breytingar eru gerðar á 27. gr. reglugerðarinnar:

a. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Heimaeinangrun hunda.*

b. Í stað inngangслиðar 1. mgr. kemur: Heimaeinangrun hunda, til einangrunar hjálparhunda og sprengjuleitarhunda, sbr. reglugerð um innflutning hunda og katta, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

c. Í stað 1. tölul. 1. mgr. kemur: Innflytjandi hjálparhunds eða sprengjuleitarhunds skal sækja um leyfi Matvælastofnunar vegna einangrunar í heimaeinangrun. Umsókn skal í tilviki hjálparhunds berast stofnuninni a.m.k. 30 dögum fyrir fyrirhugaðan innflutning, en í tilviki sprengjuleitarhunds svo fljótt sem auðið er.

d. Í stað 10. tölul. 1. mgr. kemur: Innflytjandi skal leggja fram undirritaðan samning við dýralækni heimaeinangrunar með umsókn um leyfi til einangrunar hjálparhunds eða sprengjuleitarhunds í heimaeinangrun.

e. Orðið „hjalparhunds“ í 14. tölul. fellur brott.

f. Í stað 16. tölul. 1. mgr. kemur: Um flutning hjálparhunda og sprengjuleitarhunda frá innflutningsstað til heimaeinangrunar sem og um flutning sprengjuleitarhunds á milli heimaeinangrunar og þeirra staða sem hundurinn er nýttur í verkefni á vegum ríkislögreglustjóra, gilda ákvæði 13. gr.

g. Í stað 17. tölul. 1. mgr. kemur: Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. reglugerðar um innflutning hunda og katta er Matvælastofnun heimilt að framkvæma innflutningseftirlit með hjálparhundi og sprengjuleitarhundi sem dvelja mun í heimaeinangrun á öðru tilgreindu svæði innan flugvallarins en í móttökustöð hunda og katta.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, lögum um velferð dýra, nr. 55/2013, og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 11. nóvember 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Katarina Tina Nikolic.

B deild - Útgáfudagur: 8. desember 2025